

From: [Ómar Einarsson](#)
To: [Helga Björnsdóttir](#)
Subject: FS: Fyrir MÍTR: Tilraunaverkefni - TUFF Breiðholt
Date: fimmtudagur, 22. nóvember 2018 14:58:06
Attachments: [image001.png](#)



Ómar Einarsson
Sviðsstjóri
Íþróttá- og tómsundastjórn Reykjavíkur
Borgartún 12-14

Sími 411 5000
omar.einarsson@reykjavik.is www.itr.is - [Meðferð tölvupósts / Disclaimer](#)

Frá: Tinna.Gardarsdottir@reykjavik.is <Tinna.Gardarsdottir@reykjavik.is>
Sent: fimmtudagur, 22. nóvember 2018 14:21
Til: Inga María Leifsdóttir <Inga.Maria.Leifsdottir@reykjavik.is>
Afrit: Ómar Einarsson <omar.einarsson@reykjavik.is>; Helga Björg Ragnarsdóttir <helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is>
Efni: Fyrir MÍTR: Tilraunaverkefni - TUFF Breiðholt

Tilvísun í mál: R18110181

Heil og sæl,
gott væri ef neðangreint erindi gæti verið tekið fyrir á næsta fundi menningar, íþróttá og tómsundarráðs, óskað eftir umsögn ráðsins. Endilega látið vita ef tilkynna á erindi inn með öðrum hætti.

Bestu kveðjur,
Tinna Garðarsdóttir

Verkefnastjóri stjórnsýslumála
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur
Sími: 411-4505
Tölvupóstfang: tinna.gardarsdottir@reykjavik.is

Reykjavík, 22. nóvember 2018
R18110181

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð

Tjarnargötu 11
105 REYKJAVÍK

Efni:

Tilraunaverkefni - TUFF Breiðholt

Til skoðunar er að Reykjavíkurborg haldi áfram samstarfi við alþjóðlegu góðgerðasamtökin TUFF Ísland (e. The Unity of Faiths Foundation) um tilraunaverkefni til að auka þátttöku barna og unglunga (6–15 ára) í íþrótt- og tómsundastarfi með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna.

TUFF Ísland eru verkefni sem nota íþróttir og tómsundir til þess að kenna börnum mikilvæg samfélagsleg gildi, viðurkenndar leikreglur samfélagsins og brúa menningarlegt bil milli barna af fjölbreyttum uppruna. Áhersla er lögð á umburðarlyndi, samkennd og gagnkvæma virðingu, óháð uppruna, þjóðerni, tungumáli og trúarbrögðum.

Um er að ræða forvarnarverkefni sem miðar að því að öll börn, burtséð frá bakgrunni eða uppruna, upplifi sig sem hluta af heild. Það gerir þau sterkari einstaklinga í samfélaginu, tryggir betri árangur þeirra í námi og gefur þeim mikilvægan grunn fyrir framtíðina.

Lögð er sérstök áhersla á að ná til barna sem hafa sökum félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna, ekki tækifæri til þess að taka þátt í íþróttum eða tómsundum. Einnig er lögð áhersla á að ná til barna af erlendum uppruna.

Þátttaka barna í íþróttum og tómsundum er mikilvæg leið til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun og í tilviki barna af erlendum uppruna, stuðlar betur að því að börnin og fjölskyldur þeirra aðlagist betur íslensku samfélagi. Mikilvægt er að vinna með foreldrum erlendra barna til þess að kynna fyrir þeim þau tækifæri sem börn þeirra hafa til þátttöku í íþróttum og tómsundum.

TUFF hefur skipulagt sambærileg verkefni víðsvegar í London frá 2013, í samstarfi við breska innanríkisráðuneytið og vinnur einnig með borgarstjóranum í London. Einnig eru rekin sambærileg verkefni í Brussel og Ástralíu.

Árangur af tilraunaverkefninu sem hófst í Breiðholti fyrir ári var talinn góður en 42 börn hófu þátttöku í íþróttastarfi í kjölfar verkefnisins sem stóð í 3 mánuði.

Kynningar fóru fram í öllum grunnskólum í Breiðholti í febrúar og mars 2018 og fengu alls 2.300 börn kynningar á íþróttum og tómsundum og gagnsemi þeirra. Haldnar voru vinnustofur fyrir þjálfara þar sem rætt var um hvernig börnum eru kennd samfélagsleg og menningarleg gildi í íþróttum. Þá voru félagsmiðstöðvar og frístundaheimili heimsótt, og móðurmálsskólar (pólski skólinn þar sem 350 börn stunda nám og spænski skólinn).

Einnig var sérstakt átak til þess að ná til foreldra, sérstaklega af erlendum uppruna og var upplýsingaefni útbúið á nokkrum tungumálum en lagt er upp úr því að styrkja enn frekar þann þátt verkefnisins.

Í áframhaldandi samstarfi felst að tilraunaverkefninu verði haldið áfram í Breiðholti auk þess sem fleiri íþróttafélögum og öðrum í tómsundastarfi barna og unglunga standi til boða að taka þátt. Nú þegar hafa Valur og KR lýst yfir vilja til þátttöku.

Verkefnið er hugsað til 12 mánaða og kostnaður vegna þess er áætlaður 8,4 mkr. vegna verkefnastjórnunar.

Helga Björg Ragnarsdóttir